

Fundargerð 443

Föstudaginn 21. október 2016 kom stjórn Byggðastofnunar kom saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir stjórnarformaður, Einar E. Einarsson varaformaður, Karl Björnsson, Valdimar Hafsteinsson, Gunnar Þór Sigbjörnsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra voru á fundinum Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddný María Gunnarsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar átti ekki tæk á að mæta.

Formaður setti fund kl. 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
3. Staða lánasafnsins 30. september
4. Lántaka
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Byggðaáætlun 2017-2023
7. Aflamark Byggðastofnunar
 - 7.a Úthlutun aukningar á Aflamarki Byggðastofnunar 2016/2017
8. Endurnýjun samnings um Eyrarrósina
9. Flutningsjöfnunarstyrkir – kynning
10. Skýrslu- og upplýsingagjöf til stjórnar - fyrirkomulag
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 442 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016.

AÐ og HÁ fóru yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun 2016 auk rekstrar stofnunarinnar. Til máls tóku HS, GPS og EGK sem gerði m.a. grein fyrir fundum starfsmanna fyrirtækjasviðs víða um landið.

3. Staða lánasafnsins 30.06.2016

...

4. Lántaka

Forstjóri lagði fram, ásamt forstöðumanni rekstrarsviðs, minnisblað um nýja skuldabréfaútgáfu Byggðastofnunar. AÐ kynnti málið og fór yfir minnisblaðið. AÐ lagði

einnig fram til kynningar greiningu á lánshæfi Byggðastofnunar. Til máls tóku HS, KB, EE og GPS.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá útgáfu á verðtryggðum skuldabréfaflokki að fjárhæð 2 milljarðar króna til allt að 15 ára með jöfnum greiðslum. Skuldabréfaútgáfan verður skráð í Kauphöll Íslands og í Verðbréfaskráningu. Þá er lagt til að stjórn veiti forstjóra einnig heimild til að ganga til samninga við þann viðskiptabanka sem veita mun hagstæðasta tilboðið í vinnu við útgáfuna.

Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir lánanefndar

AP fór yfir stöðu mála vegna lána til landbúnaðar sem tafist hafa vegna búvörusamninga og þá sérstaklega varðandi mjólkurbú og lán til þeirra.

Fundargerð lánanefndar nr. 23/16, 2. september 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 24/16, 22. september 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 25/16, 5. október 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 26/16, 13. október 2016

EGK fór yfir fundargerðina. Umræður spunnust um mál vegna blokkar á Raufarhöfn, til máls tóku EE, HS, KB, AP GPS og SJ.

...

Fundi frestað kl. 12:00 og framhaldið aftur kl. 12:30. KB vék af fundi.

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 27/16, 17. október 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

6. Byggðaáætlun 2017-2023

SBS fór yfir vinnu við gerð Byggðaáætlunar 2017-2023 og tímaramma, en skilatími hefur verið lengdur til byrjunar desember, vegna Alþingiskosninga í lok október. Stefnt er að því að kynna drög fyrir stjórn þ. 18. nóvember n.k. Í umræðum um málið tóku til máls HS, KB, AP, GPS SJ og EE.

7. Aflamark

SÁ kom á fundinn og sagði frá stöðu aflamarks Byggðastofnunar og fór yfir skýrslu í minnisblaði um þá samninga sem í gildi eru og stöðu þeirra. Í minnisblaðinu kemur fram að gera megi ráð fyrir að Aflamark Byggðastofnunar hafi veruleg áhrif á þeim ellefu stöðum þar sem því hefur verið úthlutað. Aflamarkið hefur bein áhrif á ríflega 400 starfsmenn sem vinna hjá þeim fyrirtækjum sem samningarnir ná auk afleiddra áhrifa. Íbúar á ellefu stöðum sem samningarnir ná til eru um 2.000.

Til máls tóku GPS, VH, AP, HS, EE og SJ

Lagt til við stjórn að...:

- a) ... allt aflamarkið verði auglýst að nýju í upphafi ársins 2018 áður en samningarnir renna út og þá til fimm eða sex ára. Stefnt skuli að því að samningagerð ljúki fyrir vorið 2018.
- b) ... sú aukning sem nú liggur fyrir verði úthlutað til tveggja ára (til loka fiskveiðiársins 2017/2018).
- c) ... komi til aukning á fiskveiðiarinu 2017/2018 verði henni úthlutað til eins árs eða auglýst með heildarsamningstíma til fimm ára.

Samþykkt samhljóða.

7.a. Úthlutun aukningar á Aflamarki Byggðastofnunar 2016/2017

Tillögur um úthlutun á aukningu á Aflamarki Byggðastofnunar. Gerð er eftirfarandi tillaga til stjórnar Byggðastofnunar:

- Þingeyri - að auglýst verði 100 þorskígildistonn til viðbótar við þau 400 tonn sem þar eru fyrir vegna yfirstandandi og næsta fiskveiðiárs.

- Flateyri – að auglýst verði 100 þorskígildistonn til viðbótar við þau 300 sem þar eru fyrir vegna yfirstandandi og næsta fiskveiðiárs og auk þess 99 tonn til eins árs sem eru eftirstöðvar fiskveiðiársins 2015/2016.
- Suðureyri - að auglýst verði 100 þorskígildistonn til viðbótar við þau 400 tonn sem þar eru fyrir vegna yfirstandandi og næsta fiskveiðiárs.
- Raufarhöfn - að auglýst verði 100 þorskígildistonn til viðbótar við þau 400 tonn sem þar eru fyrir vegna yfirstandandi og næsta fiskveiðiárs.
- Breiðdalsvík – að auglýst verði 100 þorskígildistonn til viðbótar við þau 300 tonn sem þar eru fyrir vegna yfirstandandi og næsta fiskveiðiárs.
- Hrísey – ekki verði auglýst aukið aflamark.
- Bakkafjörður – ekki verði auglýst aukið aflamark.

Rökstuðning fyrir tillögunni er að finna í minnisblaði SÁ

Til máls tóku SH og VH

Samþykkt samhljóða

SÁ vék af fundi.

8. Endurnýjun samnings um Eyrarrósina

AÐ kynnti minnisblað um endurnýjun samnings um Eyrarrósina.

Lagt er til að gengið verði til samninga um framhald verkefnisins og að árlegt framlag Byggðastofnunar hækki úr kr. 2.500.000 í 3.000.000. Gangi þetta eftir myndu verðlaunin hækka í kr. 2.000.000 og hvor tilnefning fyrir sig í kr. 500.000.

Til máls tók HS.

Samþykkt samhljóða.

9. Flutningsjöfnunarstyrkir – kynning

EGK kynnti greinargerð Hrunnar Pétursdóttur um úthlutun flutningsjöfnunarstyrkja 2016.

Til máls tóku VH, HS, AÐ, EGK, GÞS.

10. Skýrslu- og upplýsingagjöf til stjórnar - fyrirkomulag

AÐ kynnti uppfærða áætlun um hvenær ýmsar skýrslur um starfsemi Byggðastofnunar eru lagðar fyrir stjórn. Lítilsháttar breytingar lagðar til frá fyrri áætlun.

11. Önnur mál

AÐ kynnti stöðu áforma um byggingu húsnæðis undir starfsemi Byggðastofnunar og greindi frá ferð starfsmanna til að kynna sér vinnuáðstöðu nokkurra stofnana og fyrirtækja.

HS færði EGK þakkir stjórnar fyrir hennar góðu störf og nærveru og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 18. nóvember á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:37

Hjalti Árnason, fundarritari.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
